☆VERKALÝÐSBLAÐIÐ

VERKALÝÐSBLAÐIÐ - BLAÐAUKI 4.tbl. 18.apr.- 15.maí.'77
málgagn Einingarsamtaka kommúnista(m-l).

BLAÐAUKI

=+=

FUNDUR UM VINSTRIHREYFINGUNA.

Sem kunnugt er ræða menn oft sín á milli um klofninginn í svonefndri vinstrihreyfingu. Að frátöldu Alþýðubandalaginu er þá átt við Einingarsamtök kommúnista(m-l), Fylkinguna og svonefndan "Kommúnistaflokk Íslands(m-l)".

Stafar klofningurinn af eigingirni og óbilgirni samtaka eða er um óhjákvæmilegan og djúpstæðan pólitískan ágreining að ræða? Er þetta hliðstætt á hinum Norðurlöndunum?

EIK(m-l) gangast fyrir almennum fundi um klofninginn á vinstri vængnum, ekki aðeins á Íslandi, heldur og á Norðurlöndum. Verður þar gerð grein fyrir þeim gerfisósíalisma sem staðfestur er með tilvist margra endurskoðunar- og hentistefnusamtaka á Norðurlöndum og hérlendis.

Fræðist um forsögu "Kommúnistaflokksins" og samtakanna sem hann átti samleið með í upphafi á Norðurlöndum.

Fræðist um norsk, sænsk og dönsk stjórnmál.

Fræðist um alþjóðasamtök trotskista og stefnu Fylkingarinnar, stuðningsdeildar "4.alþjóðasambandsins" á Íslandi.

RÆÐUMENN: Félagi úr miðstjórn EIK(m-l).

Arild Johannesen frá Kommúnistaflokki verkamanna í Noregi - AKP(m-l).

Félagi úr sænska kommúnistaflokknum - SKP.

Ræðunum verður snarað á íslensku jafnóðum.
FYRIRSPURNUM SVARAÐ.
Bókasala á vegum Október-forlagsins s/f

FUNDURINN ER 8.MAÍ n.k. Í FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA v/ Hringbraut - OG HEFST kl.14.3o ---- SUNNUDAG 8.MAÍ.